

**Nd.**

## **686. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir rikissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa fyrir rikissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.

### **2. gr.**

Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða skv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd, sem ríkisstjórnin skipar. Fjórir nefndarmanna séu tilnefndir af stjórnsmálaflokkunum, einn af hverjum, en ríkisstjórnin skipar formann, og sé hann jafnframt framkvæmdastjóri.

Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveitarfélög, þar sem fasteignin er.

### **3. gr.**

Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

Hæstiréttur ákveður, hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni, og skal hann vera lögfræðingur.

### **4. gr.**

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

### **5. gr.**

Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar að láta þau vera áfram þar, sem þau eru, gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 3. gr., ákveður.

### **6. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaðinu, innan tiltekins tíma, kröfuhöfum að viðlögðum kröfumissi (preclusion).

### **7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.